

Fundargerð 95. fundar stjórnar Framkvæmdastjóðs ferðamannastaða.

Fundur haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu 12.1.2016
að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík, kl. 8:30 – 10:00

Boðaðir

Frá FMS: Örn Þór Halldórsson, Helena Karlsdóttir, Sólrún Anna Jónsdóttir boðaði forföll

Frá stjórn FF: Albina Thordarson formaður, Guðjón Bragason, Sævar Skaptason, Anna G. Sverrisdóttir

1. Erindi Ferðamálastofu:

Endurskoðun starfsreglna og áhrif á yfirstandandi úthlutunarferli.

- Drög að starfsreglum fyrir Framkvæmdastjóð ferðamannastaða kynntar og ræddar.
- Rætt um einstök ákvæði reglnanna, s.s. í 5. gr. að skilgreina þurfi hvað felist í vinnuframlagi og að æskilegt sé að opna á lengri verkefni. Skv. 8. gr. að íþyngjandi kunni að verða fyrir umsækjendur og utanumhald FMS ef skila á framvinduskýrslu í lok helstu verkáfanga. Í ákvæðinu felist einnig ósamræmi sbr. 5. gr. Skv. 13. gr. er óljóst hvort eigin vinna sé metin til jafns við verktakagreiðslur og hvort hægt sé að leggja áhleslu á framvindu/lök verka í stað eða til viðbótar skilum á reikningum. Einnig rædd um með hvaða hætti sé hægt að bregðast við vanefndum
- Rætt um nýtt umsóknarferli vegna úthlutunar FF10. Helena gerði grein fyrir því að á fundi í ANR um starfsreglurnar hafi komið fram sú afstaða ráðuneytisins að auglýst þurfi að nýju til þess að tryggja jafnræði. Fyrirliggjandi umsóknir haldi gildi sínu en umsækjendur þurfi að uppfæra umsóknir sínar m.t.t. kostnaðar vegna breyttra reglna um mótframlag. Það komi fram í auglýsingu. Stjórn hefur miklar áhyggjur af því að ný auglýsing muni fresta úthlutun styrkja og bendir á að nú sé einungis búið að fara yfir tæplega helming þeirra umsókna, sem búrúst eftir auglýsingu í september s.l.
- Rætt um hvort hægt verði að hraða afgreiðslu umsókna til stjórnar og auðvelda aðgengi hennar að þeim, sem og öðrum rafrænum gögnum er varða sjóðin. Ákveðið var að formaður stjórnar ræði við ferðamálastjóra um tæknilega útfærslu á rafrænum aðgangi að gögnum.

Goðafoss, Kötlusetur, Skrúður

- Lagt fram minnisblað Ferðamálastofu dags. 7.jan. 2016 varðandi stöðu á verkefnum vegna Goðafoss, Kötlu, jarðvangs og Skrúðs. Stjórn ákvað á grundvelli framlagðra gagna að senda tillögu til ráðherra um breytingu á styrkveitingum Goðafoss og Kötlu en FMS sjái um að senda tillögurnar til ráðherra og skrá þær í skjalakerfið. Helena tók að sér að vinna með sambærilegum hætti að málefni Skrúðs.
- Helena fór yfir stjórnarsýslulega meðferð mála. Þar sem stjórn geri tillögur til ráðherra um styrkveitingar þá sé það einnig hlutverk stjórnar að gera tillögu til ráðherra að breytingu á styrkveitingum, s.s. lækkan mótframlaga og eða niðurfellingu styrkja. Það sé stjórnar að ákveða hvort öll stjórnin skrifi undir tillögur eða hvort stjórnarformaður geri það f.h. stjórnar. Ferðamálastofa annist svoutanumhald og vistun þeirra.

Annað:

- Helena gerir grein fyrir því að Ferðamálastofa annist gerð ársreikninga fyrir sjóðinn Framkvæmdastjóðs.

2. Ferðaáætlun stjórnar

Umræðu frestað til 96. fundar.

3. Matsblöð umhverfisstjóra vegna umsókna á lögð fram.

Umræðu vegna frestað til 96. Fundar.

96. fundur verður haldinn 15. janúar kl. 14:30 – 16:00

Fundargerð ritaði Örn Þór Halldórsson, umhverfisstjóri Ferðamálastofu

Albina Thordarson
Guðjón Bragason
Sævar Skaptason
Anna G. Sverrisdóttir